

Geislavarnir ríkisins
08 327

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Geislavarnir ríkisins

Kt. 540286-1169

Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Geislavarnir ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga nr. 44/2002.

Geislavarnir ríkisins hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 168,2 milljónir og afkoma kr. 11,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 14,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 61,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Geislavarna ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Geislavarna ríkisins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigurður M. Magnússon,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	105.400.000	81.900.000
Seld þjónusta	3	14.277.848	15.725.668
Framlög og ýmsar tekjur	4	42.507.622	28.544.734
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.060.667	5.394.857
Tekjur samtals		<u>168.246.137</u>	<u>131.565.259</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	103.891.672	91.901.043
Annar rekstrarkostnaður	6	46.587.224	43.956.107
Afskriftir	7	6.060.667	5.394.857
Gjöld samtals		<u>156.539.563</u>	<u>141.252.007</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		11.706.574	(9.686.748)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		50.196	47.835
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(30.604)	(17.384)
		<u>19.592</u>	<u>30.451</u>
Afkoma ársins		<u><u>11.726.166</u></u>	<u><u>(9.656.297)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		25.296.046	23.903.667
Fastafjármunir samtals		<u>25.296.046</u>	<u>23.903.667</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.421.672	1.523.170
Tengdir aðilar	9	30.192.031	17.124.062
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		121.794	42.285
Handbært fé		3.036.794	3.319.052
Veltufjármunir samtals		<u>35.772.291</u>	<u>22.008.569</u>
Eignir samtals		<u><u>61.068.337</u></u>	<u><u>45.912.236</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		14.462.240	2.736.074
Eigið fé samtals		<u>14.462.240</u>	<u>2.736.074</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	716.858	673.338
Viðskiptaskuldir		3.517.717	2.485.296
Ýmsar skammtímaskuldir	11	14.102.626	11.187.965
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	28.268.896	28.829.563
Skuldir samtals		<u>46.606.097</u>	<u>43.176.162</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>61.068.337</u></u>	<u><u>45.912.236</u></u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		11.726.166	(9.656.297)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	6.060.667	5.394.857
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.060.667)	(5.394.857)
		<u>11.726.166</u>	<u>(9.656.297)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(978.011)	(778.939)
Tengdir aðilar		(13.024.449)	5.704.769
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		3.947.082	(1.016.788)
		<u>(10.055.378)</u>	<u>3.909.042</u>
		<u>1.670.788</u>	<u>(5.747.255)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(7.453.046)	(8.174.104)
		<u>(7.453.046)</u>	<u>(8.174.104)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		5.500.000	13.100.000
		<u>5.500.000</u>	<u>13.100.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(282.258)	(821.359)
Handbært fé í byrjun árs		3.319.052	4.140.411
Handbært fé í árslok		<u>3.036.794</u>	<u>3.319.052</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	105.400.000	95.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(13.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	105.400.000	81.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.060.667	5.394.857
	111.460.667	87.294.857

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	99.000.000	0	0	99.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	6.400.000	0	0	6.400.000
Fjárveiting til tekna	105.400.000	0	0	105.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(93.673.834)	0	0	(93.673.834)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	11.726.166	0	0	11.726.166

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Verksala	0	255.075
Fræðslustarfsemi og fundir	1.166.000	960.000
Sala á vöru og þjónustu	13.111.848	14.510.593
	14.277.848	15.725.668

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	5.000.000	5.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	33.440.456	20.964.149
Ýmsar tekjur	4.067.166	2.580.585
	42.507.622	28.544.734

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	81.255.545	72.335.839
Orlof, breyting	2.412.637	1.284.186
Launatengd gjöld	18.839.990	16.953.072
Starfsmannakostnaður	1.383.500	1.327.946
	103.891.672	91.901.043
Meðalfjöldi stöðugilda	8,6	8,9

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	594.197	510.370
Byggingarvörur, almennar	7.730	1.580
Ýmis tæki og áhöld	558.691	790.345
Orkugjafir	1.871.184	1.864.168
Matvæli	1.791.516	1.560.253
Almennar rekstrarvörur	563.055	704.453
Vörukaup, almenn	5.386.373	5.431.169
Rannsóknarstofuefni	1.307.084	1.262.337
Vörukaup, sérgreind	1.307.084	1.262.337
Fundir, námskeið, risna	666.547	1.627.113
Ferðir, uppihald	7.766.173	8.943.863
Akstur	388.832	657.654
Sérfræðiþjónusta	5.383.513	4.737.568
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	82.408	90.026
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	33.990	31.990
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.920.371	2.378.923
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.241.834	18.467.137
Afnotagjöld	3.799.195	3.586.149
Leigugjöld	14.127.454	8.178.252
Notkun véla og flutningatækja	84.440	141.980
Verkkaup	1.513.339	2.771.154
Kostnaðarhlutdeild	539.038	722.014
Tryggingar, lögboðnar	3.800	0
Opinber gjöld	25.281	25.099
Tilfærslur	3.507.455	3.370.816
Tapaðar kröfur	51.931	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	23.651.933	18.795.464
Annar rekstrarkostnaður samtals	46.587.224	43.956.107
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.060.667	5.394.857
	6.060.667	5.394.857

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	25.296.046	23.903.667
	<u>25.296.046</u>	<u>23.903.667</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	62.733.786	58.515	62.792.301
Viðbætur á árinu	7.453.046	0	7.453.046
	<u>70.186.832</u>	<u>58.515</u>	<u>70.245.347</u>
Afskriftir 1.1.2019	38.830.119	58.515	38.888.634
Afskrift ársins	6.060.667	0	6.060.667
	<u>44.890.786</u>	<u>58.515</u>	<u>44.949.301</u>
Staða 31.12.2019	<u>25.296.046</u>	<u>0</u>	<u>25.296.046</u>
	31.12.2019		31.12.2018

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	30.192.031	4.987.707
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	12.136.355
	<u>30.192.031</u>	<u>17.124.062</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	716.858	673.338
	<u>716.858</u>	<u>673.338</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	2.736.074	12.392.371
Afkoma ársins	11.726.166	(9.656.297)
Jöfnuður 31.12.	<u>14.462.240</u>	<u>2.736.074</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	13.600.602	11.187.965
Ógreidd laun	502.024	0
	<u>14.102.626</u>	<u>11.187.965</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	25.296.046	23.903.667
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.972.850	4.925.896
	<u>28.268.896</u>	<u>28.829.563</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	23.903.667	4.925.896	28.829.563
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.500.000	5.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7.453.046	(7.453.046)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.060.667)	0	(6.060.667)
	<u>25.296.046</u>	<u>2.972.850</u>	<u>28.268.896</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 5,7 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundin skuldbindandi samning um húsnæði og þjónustusamning um ræstingu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 14,3 milljónum og vegna þjónustusamnings nema kr. 1,8 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.